

Aukafundur í stjórn Myndlistaskólans á TEAMS sunnudagskvöldið 26. nóvember 2023. Þátttakendur: Bjarni, Erlendur, Logi og Áslaug, auk Benedikts Ólafssonar lögmanns.

Taka þurfti afstöðu til kauptilboðs sem skólanum barst, auk þess sem ræða þurfti fleiri atriði varðandi húsnæðismál skólans en nýliðin vika var mjög viðburðarík. Þá voru hinsvegar allir stjórnarmenn nema Logi staddir erlendis og Áslaug sömuleiðis. Erlendur var auk þess hvorki í síma- né tölvusambandi.

14. nóvember barst skólanum boðun til fyrirtöku vegna lögbanns en það var Staðarfell, eigandi 7% hlutar í húsinu Hringbraut 121 sem fór fram á að lögbann yrði sett á búsetu erlendra verkamanna og flóttamanna í húsinu. Slíkt lögbann gæti haft mikil áhrif á solumöguleika skólans en leigusamningur við ríkið um að húsið verði allt, að frátalinni 7% eign Staðarfells, nýtt undir búsetu fólks á flótta hefur skapað aukinn áhuga á fjárfestingu í húseigninni. Fyrirtakan fór fram mánudaginn 20. nóvember og var Benedikt viðstaddur hana fyrir hönd skólans. Þangað voru auk þess boðaðir fulltrúar Íslandsbanka, Eyktar, Reykjavíkurborgar og Ríkiseigna. Sýslumaður féllst á lögbannið á þriðjudegi en málið þarf að fara fyrir Héraðsdóm til staðfestingar.

Þann 22. nóvember barst skólanum síðan kauptilboð frá Fiðluhúsi ehf. Ljóst var að gera þyrfti ákveðnar breytingar á tilboðinu en Fiðluhúsi lá á að fá tilboðið undirritað vegna fjármögnunar. Áslaug undirritaði tilboðið með fyrirvara um samþykki stjórnar. Tilboðinu fylgdi yfirlýsing frá Gabríel Bjarnasyni sem fer fyrir Fiðluhúsi þess efnis að hann samþykki fyrirvara skólans um að skólinn geti fallið frá tilboðinu ef ekki verði búið að finna annað húsnæði fyrir 1. mars 2024. Ennfremur þarfnast tilboðið breytinga þar sem fyrsta greiðsla til skólans þarf að koma fyrir vegna nauðsynlegra framkvæmda sem fara þarf í á nýjum stað.

Fyrir í dag, 26. nóvember barst síðan ósk frá Fiðluhúsi þess efnis að stjórn veitti Áslaugu heimild til að frmalengja dagsetningu fjármögnunarfyrirvara fram yfir 10. desember n.k. ef á þarf að halda.

Stjórn féllst á að Áslaug fengi heimild til að framlengja dagsetningu.

Benedikt falið að útbúa nýtt tilboð ásamt Þresti Þórhallssyni í samráði við Gabríel þar sem ofangreinda atriði yrðu leiðrétt.

Stjórnin veitir Áslaugu heimild til að gera Fiðluhúsi ehf. gagntilboð með sömu skilmálum að því undanskildu að gengið verði frá kaupsamningi 15. mars 2024 og þá verði greiddar 100 milljónir, 150 milljónir verði greiddar við afhendingu og 500 milljónir við lok breytinga vegna fyrirhugaðs leigusamnings, en þó eigi síðar en 5 mánuðum eftir afhendingu. Þá verði einnig fyrirvari um að skólinn nái að kaupa nýtt húsnæði fyrir 15. mars 2024. Þegar umræðu var lokið um húsnæðismál yfirgaf Benedikt Ólafsson fundinn.

Þá var eftir eitt mál sem var svar við bréfi Einars Garibalda til skólastjóra og stjórnar. Einar Garibaldi hefur ákveðið að þiggja ekki áframhaldandi starf deildarstjóra sjónlistadeildar. Hann hættir um áramót en hefur boðist til að vinna út janúar og setja eftirmann inn í starfið, ef með þarf. Hann sendi stjórn og skólastjóra bréf vegna starfsloka sinna. Bjarni hefur gert uppkast að svari og mun færa inn nokkrar breytingar í framhaldi af umræðum á fundinum. Hann sendir svo bréfið og fundarmenn munu skoða

það vel. **Ef ekki verða gerðar athugasemdir sendir Bjarni bréfið til Einars annað kvöld.**

Ekki fleira gert. Fundi slitið.

Fundargerð ÁTh

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

HRINGBRAUT 121, 101 REYKJAVÍK

WWW.MIR.IS @MYNDLISTASKOLINN

Undirritunarsíða

Bjarni Hinriksson

Logi Bjarnason

Erlendur Hjaltason